

Nd.

367. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Flutningsmenn: Bjarni Ásgeirsson og Jón Sigurðsson.

1. Aftan við 1. gr. a. komi: enda fái þeir einir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.
3. 2. gr. verður 3. gr.